

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Pórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2013
2013010124

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 89. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 89. mál.


Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 7. nóvember 2013., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 89. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt að móta geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun. Stofan telur þó rétt að vekja athygli á því að í tillögunni er ekki minnst á geðheilbrigðismál barna. Telur Barnaverndarstofa því mikilvægt að áréttta þörfina á því að gefa börnum sérstakan gaum við slíka stefnumótun.

Í þessu sambandi telur Barnaverndarstofa rétt að upplýsa velferðarnefnd Alþingis um að stofan hefur um langt skeið haft alvarlegar áhyggjur af því að sá hópur barna sem á í geðrænum vanda og glímur jafnframt við hegðunarörðugleika, vímuefnaneyslu eða aðra þætti fái ekki þá geðheilbrigðisþjónustu sem hann er í þörf fyrir og á samkvæmt lögum rétt á. Hefur Barnaverndarstofa á undanförunum árum ítrekað séð í málum tiltekinna barna að geðheilbrigðiskerfið veitir þeim ekki þjónustu og virðist sem það kerfi sé ekki nægilega öflugt til þess að þjónusta einstaklinga sem jafnframt eiga í annars konar vanda. Hefur þessum hópi barna ekki verið veitt fullnægjandi geðheilbrigðisþjónustusta heldur hafa heilbrigðisstofnanir látið barnaverndaryfirvöldum það eftir að þjónusta þau, þrátt fyrir að barnaverndaryfirvöldum sé ekki í lögum falið það hlutverk að veita heilbrigðisþjónustu og þar sé hvorki fullnægjandi þekking né reynsla til þess að veita umræddum börnum þá þjónustu sem þau eiga rétt á að fá. Hefur Barnaverndarstofa vakið athygli bæði landlæknis og velferðarráðuneytisins á framangreindum áhyggjum sínum án þess að það hafi bætt þjónustu við þennan hóp barna. Það er von Barnaverndarstofu að ef tillaga þessi verður samþykkt verði börnum gefinn sérstakur gaumur við mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar og það leiði til þess að bæta þjónustu við börn sem eiga í geðrænum vanda.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



lögfræðingur Barnaverndarstofu

